

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsstjóra skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð.

4. gr.

Um afgreiðslu skipulagsstjóra gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykkt borgarstjórnar er til þeirra taka.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skipulagsstjóra er honum heimilt að skjóta máli sínu til skipulags- og byggingarnefndar. Málskotsréttur er 14 dagar frá því að mál er lagt fram í nefndinni.

Þessi málskotsréttur takmarkar þó ekki almennan málskotsrétt samkvæmt lögum, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaganna og grein 10.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014.

1. gr.

1. mgr. auglýsingarinnar hljóðar svo:

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014 frá 16. nóvember 1994.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildir.

Umhverfisráðuneytinu, 15. ágúst 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2001 tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar við Framnesveg í Keflavík, Reykjanesbæ.

Í breytingunni felst að á lóðinni Framnesvegur 20-22 er byggingarreit fyrir fjölbýlishús breytt, hann færður sunnar á lóðinni, gert er ráð fyrir einni 6 hæða turnbyggingu með risi og bætt er við byggingarreit fyrir bílageymslu.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 15. ágúst 2001.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Hauka – Iðnskólareits“ vegna Haukakrauns 1, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hauka - Iðnskólareit“ vegna Haukakrauns 1, á fundi sínum þann 19. júní 2001.

Breytingin felst í stækkun byggingareits.

Breytingin var í grenndarkynningu 20. júní 2001 – 20. júlí 2001, samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstaka aðilar verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 16. ágúst 2001.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á skipulagi við Klettás 21-25 (21-27).

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Klettás 21-25 (21-27) í Garðabæ. Í breytingunni felst að íbúðum verður fjölgað úr þremur í fjórar. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulag lóðar fyrir minjaskála við Kirkjulund.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt deiliskipulag lóðar fyrir minjaskála við Kirkjulund í Garðabæ. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Endurskoðun deiliskipulags hesthúsabyggðar við Kjóavelli.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt endurskoðun deiliskipulags hesthúsabyggðar við Kjóavelli í Garðabæ. Eldri deiliskipulagstillaga fellur úr gildi. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.